# Breytingar á kvótakerfinu

## Áhrif á sjávarútvegsfyrirtæki og ársreikninga þeirra

Þorvarður Gunnarsson

27. september 2012

2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Ólína: Skýrsla Deloitte litprentað áróðursrit

Ritstjórn DV ritstjorn@dv.is — 20:00 › 8. FEBRÚAR 2010

Deildu

Recommend

Senda

Deila á Face

Deila með tö

Skrifa umma




Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 27. MARS 2012

WAYNE ROONEY KOM UNITED Í EFSTA SÆTIÐ

GEKK 1.000 KÍLÓMETRA Á 42 DÖGUM

VILJA TANNBURSTUN Í LEIKSKÓLUM

Tannheilsa barna á Íslandi er slæm

MÁLÞING 18

# „Útgerðin þjóðnýtt“

**Frumvörpin greiði fyrir nýliðun og auki jafnræði í greininni**

● Útgerðarmaður telur frumvarp leiða til fjöldagjaldþrota

● Sjávarútvegsráðherra telur útgerðina ráða við veiðigjaldið

**„Nánast tífoldun á veiðigjaldinu“ og étur upp hagnaðinn**

Baldur Arnarson



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited



# Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 25. ÁGÚST 2011

• Stofnað 1913 • 198. tölublað • 99. árgangur •

SUMBLHÁTÍÐ ÍSLENSKRA BRUGGARA
ELTUM SÓLINA 18-19

finnur.is
LINDA HLUSTAR Á LÍKAMANN
FINNUR.IS OG VIÐSKIPTABLAÐ

ÚRVALSMYNDIR Á KVIKMYNDA-DÖGUM
VEISLA Í KRINGLUNNI 34

## Leiðir til fjöldagjaldþrota

● Eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja mun minnka um 180 milljarða verði sjáv-

UMSÖGN SA UM FRUMVARPIÐ





FRÉTTABLAÐIÐ — 25. ágúst 2011 FIMMTUDAGUR

**FRÉTTASKÝRING:** Frumvarp um fiskveiðistjórn

## Spá fjölda gjaldþrota vegna fiskveiðilaga

**Frumvarp um stjórn fiskveiða kollvarpar rekstri sjávarútvegsfyrirtækja samkvæmt umsögn hagsmunaaðila. Eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja mun lækka um 181 milljarð. Ellefu milljarða skattgreiðslur frestast vegna afskrifta á kvóta.**

Sjávarútvegsfyrirtæki munu þurfa að afskrifa um 181 milljarð króna verði frumvarp sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða að lögum, samkvæmt áliti Samtaka atvinnulífsins (SA) og tveggja undirsamtaka. Afleiðing þessa verður fjöldi gjaldþrota í greininni.

„Markmið frumvarpsins er augljóslega að kollvarpa rekstri sjávarútvegsfyrirtækja [og] stórauka skattheimtu á sjávarútveginn,“ segir í umsögn SA, Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Samtaka fiskvinnslustöðva (SF).

Þar segir jafnframt að verði

**FISKVEIÐAR** Frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er nú hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, en stefnt er að því að það verði að lögum á haustþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ekki sammála heimsendaspám**



## Hundruð starfa í hættu

● Framkvæmdastjóri Ramma segir kvótafrumvörpin setja reksturinn í uppnám
● Útgerð frá þrem höfnum stæði ekki undir sér ● Lánin yrðu félaginu um megn

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

„Fyrirtækið kemst strax í vanda og eftir tvö til fimm ár verður tvísýnt um framtíð þess. Fyrirtækið ætti fyrir veiðigjaldinu og vöxtum en gæti hvorki fjárfest né greitt af skuldum sínum að fullu,“ segir Ólafur Marteinsson, framkvæmdastjóri útgerðarfyrirtækisins Ramma, um áhrif nýju kvótafrumvarpanna á rekstur félagsins.

Stjórnendur og endurskoðandi Ramma hafa heimfært ný frumvörp um stjórn fiskveiða og veiðigjöld á rekstur ársins 2010 og notað til grundvallar þær tölur og aðferðir sem þar koma fram.

Ólafur segir auknar byrðar munu setja fjölda starfa í uppnám.

„Hjá félaginu starfa um 300 manns í þrem byggðarlögum, Ólafsfirði, Þorlákshöfn og Siglufirði. Kvótafrumvörpin ógna starfsöryggi þessa fólks og flestra í sjávarútvegi,“ segir hann og útskýrir hvers vegna frumvörpin muni ógna rekstrinum.

**Hagnaður verður 1%**

© 2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

stjóri Útgerðarfélags Ólafsfjarðar hf:

## Núverandi kerfi er eins og veðreiðar





## Við þurfum að fá frí frá kvótakerfinu



Ólafur Örn Jónsson, skipstjóri á Vibey RE:

## Vilja velta vandanum á undan sér



Guðmundur Runólfsson, útgerðarmaður í Grundarfirði:

## Kvótinn er hemill á getu og gerðir manna

Jón Páll Halldórsson, framkvæmdastjóri Norðurtangans á Ísafirði:

## Forsendur kvótakerfisins brostnar





Bjarki Tryggvason, framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Skagfirðinga:

## Bezt er að vera laus við hömlur



© 2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Lög um veiðigjöld

Umtalsverð hækkun á veiðigjaldi

Veiðigjald gjaldfært í rekstrarreikningi þegar það fellur til

## Veiðigjald

Lög sett 19. júní 2012.

Lögin taka til veiðigjalda, almenns veiðigjalds og sérstaks veiðigjalds.

Ráðherra skipar 3 aðila í nefnd til 5 ára til að ákvarða sérstakt veiðigjald.

Stofn til útreiknings er afli hvers gjaldskylds aðila í þorskígildum samkvæmt úthlutuðu aflamarki, öðrum aflaheimildum og lönduðum afla.

## Almennt veiðigjald

Almennt veiðigjald skal vera 9,5 kr. á hvert þíg.kg.

Almennt veiðigjald á hvert skip skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr.

## Sérstakt veiðigjald

Sérstöku veiðigjaldi er skipt niður á botnfiskveiðar og uppsjávarveiðar og skal veiðigjaldið vera 65% af stofni til útreiknings á gjaldinu eins og stofninn er skilgreindur í 10 gr. að frádregnu almennu veiðigjaldi.

Stofn til útreiknings á sérstöku veiðigjaldi er samtala reiknaðrar rentu á hvert þíg.kg, annars vegar í fiskveiðum og hins vegar í fiskvinnslu.

Af fyrstu 30.000 þíg.kg. hvers félags greiðist ekkert gjald.

Af næstu 70.000 þíg.kg greiðist hálft gjald.

Af þíg.kg umfram 100.000 greiðist fullt gjald.



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Lög um veiðigjöld – bráðabirgðaákvæði

Stighækkandi veiðigjald þar til 65% af stofni er náð 2016/2017

## Veiðigjald

Á fiskveiðiárunum 2012/2013 – 2015/2016 verður nokkurs konar aðlögunartími hvað varðar sérstakt veiðigjald skv. bráðabirgðaákvæði laganna:

a) *Sérstakt gjald verður 23,20 kr. per þíg.kg. í botnfiskveiðum og 27,50 kr. per þíg.kg. í uppsjávarveiðum fiskveiðiárið 2012/2013.*

b) *50% af stofni til útreiknings á gjaldinu fiskveiðiárið 2013/2014.*

c) *55% af stofni til útreiknings á gjaldinu fiskveiðiárið 2014/2015.*

d) *60% af stofni til útreiknings á gjaldinu fiskveiðiárið 2015/2016.*

| | 12/13 | 13/14 | 14/15 | 15/16 | 16/17 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall rentu | - | 50,0% | 55,0% | 60,0% | 65,0% |
| Almenna gjaldið | 9,50 | 9,50 | 9,50 | 9,50 | 9,50 |
| Botnfiskur | 23,20 | 29,13 | 33,00 | 36,86 | 40,72 |
| Uppsjávarfiskur | 27,50 | 33,08 | 37,34 | 41,60 | 45,86 |

*Áætlun skv. meirihlutaáliti atvinnuveganefndar við 3. umræðu*



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Lög um veiðigjöld – bráðabirgðaákvæði vegna skuldastöðu

Sum félög munu fá lækkun á sérstöku veiðigjaldi

Lækkun aldrei meiri en sem nemur sérstaka veiðigjaldinu

**Lækkun á sérstöku veiðigjaldi**

Félög eiga rétt á lækkun á sérstöku veiðigjaldi vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum til ársloka 2011 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum:

a) Keypt aflahlutdeild sé ennþá í eign viðkomandi.

b) Vaxtaberandi skuldir í árslok 2011 án tekjuskattsskuldbindingar og að frádregnum peningalegum eignum séu hærri en 4% af bókfærðu virði ófyrnanlegra eigna.

Lækkunin er reiknuð þannig:

Hlutfall vaxtaberandi skulda í b) lið hér að ofan af heildarfjárhæð liðarins er margfaldað með vaxtagjöldum skv. skattframtali 2011. Draga skal frá 4% af reiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna eins og það er skilgreint í 11. gr. laganna.

Lækkun getur mest numið 4% af bókfærðu virði aflaheimilda en verður þó aldrei hærri en sem nemur sérstaka veiðigjaldinu.

Sækja þarf sérstaklega um þessa lækkun til Fiskistofu og mun ráðherra setja reglugerð um nánari framkvæmd.



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Lög um veiðigjöld – breytingar í meðförum Alþingis

## Veiðigjaldafrumvarp í meðförum Alþingis

| | 2010/2011 | 2011/2012 | Frumvarp* | Breytingart. I | Breytingart. II |
|---|---|---|---|---|---|
| Almenna gjaldið | 6,44 | 9,46 | 8,0 | 9,50 | 9,50 |
| Sérst. gjald botnfiskur | | | 50,36 | 29,13 | 23,20 |
| Sérst. gjald uppsj. fiskur | | | 78,29 | 33,08 | 27,50 |
| Af reiknaðri framlegð | 9,50% | 13,30% | | | |
| Af reiknaðri rentu | | | 60% => 70% | 50% => 70% | 50% => 65% |
| Aðlögunartími í árum | | | | 4 ár (50/55/60/65) | 4 ár (50/55/60) |
| Afsláttur | | | Á hvern bát | Á hverja útgerð | Á hverja útgerð |
| Lækkun vegna skulda | | | Nei | Já | Já |


2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Lög um veiðigjöld – breytingar í meðförum Alþingis

## Veiðigjaldafrumvarp skv. breytingartillögu II

| | 2012/2013 | 2013/2014 | 2014/2015 | 2015/2016 | 2016/2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall rentu | - | 50% | 55% | 60% | 65% |
| Almennt gjald | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 |
| Sérst. gjald botnfiskur | 23,2 | 29,13 | 33,00 | 36,86 | 40,72 |
| Sérst. gjald uppsj. fiskur | 27,5 | 33,08 | 37,34 | 41,60 | 45,86 |
| Áætlað heildargjald (m. kr.) | 12.794 | 15.209 | 16.826 | 18.443 | 20.060 |

## Veiðigjaldafrumvarp skv. breytingartillögu I

| | 2012/2013 | 2013/2014 | 2014/2015 | 2015/2016 | 2016/2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall rentu | 50% | 55% | 60% | 65% | 70% |
| Almennt gjald | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 | 9,5 |
| Sérst. gjald botnfiskur | 29,13 | 33,00 | 36,86 | 40,72 | 44,59 |
| Sérst. gjald uppsj. fiskur | 33,08 | 37,34 | 41,60 | 45,86 | 50,12 |
| Áætlað heildargjald (m. kr.) | 15.209 | 16.826 | 18.443 | 20.060 | 21.677 |



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Áhrif á reikningsskil vegna laga um veiðigjöld

Sérstakt veiðigjald hefur mjög neikvæð áhrif á framtíðar-sjóðstreymi

Virðisrýrnun niður á tegundir eða eru aðrar leiðir færar

Væenta má töluverðar virðisrýrnunar hjá mörgum félögum

## Sérstak veiðigjald og virðisrýrnun

Veruleg hækkun á veiðigjaldi hefur mikil áhrif á framtíðarsjóðstreymi sjávarútvegs-fyrirtækja.

Það er því vísbending um virðisrýrnun aflaheimilda og ber því félögum að meta endurheimtanlegt virði eignainnar.

Endurheimtanlegt virði eigna eða sjóðskapandi eininga er hvort sem reynist hærra, gangvirði að teknu tilliti til kostnaði við sölu eða notkunarvirði.

Skiptar skoðanir hafa verið í gegnum tíðina hvort um virkan markað sé að ræða með aflahlutdeildir og ef svo er ekki þarf að meta notkunarvirði aflaheimildanna.

## Virðisrýrnun

Við mat á notkunarvirði ber að horfa til smæsta aðgreinanlega hóp eigna sem skapa sjóðstreymi sem er óháð sjóðstreymi frá öðrum eignum.

Hér skiptir því miklu máli hvernig stjórnendur horfa á reksturinn. Er félagið að greina sjóðstreymi niður á hverja tegund eða er það mögulega að horfa á skiptingu í uppsjávar- og botnfiskveiðar og lítur því á það sem smæsta aðgreinanlegan hóp eigna sem skapa sjóðstreymi.

Miklar líkur á virðisrýrnun og mest ætti hún að vera hjá þeim félögum þar sem stór hluti aflahlutdeilda er eignfærður í reikningsskilin.



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Áhrif á reikningsskil HB Granda

Veiðigjald rúmlega fjórfaldast á milli fiskveiðiára

Virðisrýrnun um 16% af eignfærðum aflaheimildum

Virðisrýrnun framkvæmd niður á starfsþætti

### Áhrif veiðigjalds á rekstur

Hækkun veiðigjalds

- Fiskveiðiárið 2011/2012 – EUR 2.878 þúsund.
- Fiskveiðiárið 2012/2013 – EUR 12.686 þúsund
- Síðan stighækkandi þar til það verður 65% af reiknaðri rentu.

### Virðisrýrnunarpróf

- Vísbending um virðisrýrnun
- Framkvæmt á starfsþætti

### Virðisrýrnun aflaheimilda

Rekstrarvirði félagsins lækkar um EUR 136.468 þúsund (22,3 milljarðar ISK) eða um 34%.

Virðisrýrnun í botnfiski EUR 21.601 þúsund (3,5 milljarðar ISK) eða rúmlega 16% af eignfærðum aflaheimildum.

| Óefnislegar eignir greinast þannig: | **30.6.2012** | **31.12.2011** |
|---|---|---|
| Aflaheimildir 1.1. | 133.853 | 133.853 |
| Virðisrýrnun | -21.601 | 0 |
| Aflaheimildir 30.6. | 112.252 | 133.853 |
| Aðrar óefnislegar eignir | 1.680 | 1.680 |
| Óefnislegar eignir samtals | 113.932 | 135.533 |



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Aðferðafræði útreikninga - sýnidæmi

## Sýnidæmi

Útgerð og vinnsla ehf. stundar veiðar og vinnslu á bolfiski. Útgerð ehf. stundar veiðar á bolfiski.  Fjárhæðir miðast við rekstur ársins 2011

### Forsendur (fjárhæðir í m. kr.)

| | Útgerð og vinnsla ehf. | Útgerð ehf. |
|---|---|---|
| Tekjur | 1.384 | 650 |
| EBITDA | 388 | 130 |
| Fjárfesting per. ár | 87 | 32 |
| Vaxtaberandi skuldir | 2.462 | 600 |
| Eignfærðar aflaheimildir | 1.500 | 300 |
| Varanl. Rekstrarfjármunir | 1.000 | 400 |
| Aflaheimildir þ.íg. tonn | 2.500 | 1.300 |
| Vextir | 6% | 6% |
| Tekjuskattur | 20% | 20% |
| Afskriftir | 5% | 5% |
| Lækkun vegna skulda | 56 | 0 |

- Gert er ráð fyrir að vaxtaberandi skuldir séu greiddar upp á 20 árum.
- Gert er ráð fyrir að fjárfestingar séu til helminga fjármagnaðar með lántöku og eigin fé.





2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Sýnidæmi – þróun veiðigjalds

**Hækkun veiðigjalds hjá Útgerð og vinnslu ehf.**




**Hækkun veiðigjalds hjá Útgerð ehf.**




Veiðigjald 2012- 2016 og síðar m.v. fullt gjald




Veiðigjald 2012 - 2016 og síðar m.v. fullt gjald






2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Hagnaður, skattar og fjárflæði – Útgerð og vinnsla ehf.

**Útgerð og vinnsla ehf .**

| | 2012/2013 | 2013/2014 | 2014/2015 | 2015/2016 | 2016/2017 | Fullt gjald |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit** | | | | | | |
| **EBITDA án veiðigjalds** | 412 | 412 | 412 | 412 | 412 | 412 |
| *Veiðigjald ársins* | -24 | -35 | -44 | -54 | -63 | -123 |
| **EBITDA með veiðigjaldi** | 388 | 377 | 368 | 358 | 349 | 289 |
| *- afskriftir* | -54 | -56 | -58 | -59 | -60 | -62 |
| *- vextir* | -143 | -138 | -134 | -130 | -126 | -122 |
| **EBT** | **191** | **183** | **176** | **169** | **162** | **105** |
| *Tekjuskattur* | 38 | 37 | 35 | 34 | 32 | 21 |
| **Hagnaður ársins** | 153 | 146 | 141 | 135 | 130 | 84 |
| *Hagnaður án skatta* | 215 | 218 | 220 | 223 | 225 | 228 |
| *Tekjuskattur og veiðigjöld* | 62 | 72 | 79 | 88 | 95 | 144 |
| **Hlutfall** | **29%** | **33%** | **36%** | **39%** | **42%** | **63%** |
| **Fjárflæði** | | | | | | |
| EBT | 191 | 183 | 176 | 169 | 162 | 105 |
| *+ afskriftir* | 54 | 56 | 58 | 59 | 60 | 62 |
| *- fjárfestingar* | -87 | -87 | -87 | -87 | -87 | -87 |
| *- tekjuskattur* | -38 | -37 | -35 | -34 | -32 | -21 |
| *- afborganir langt . lána* | -123 | -119 | -115 | -112 | -108 | -105 |
| *+ ný langtímalán* | 44 | 44 | 44 | 44 | 44 | 44 |
| **Fjárflæði með veiðigjaldi** | **40** | **39** | **40** | **39** | **39** | **-3** |
| *Hlutfall af EBITDA* | 10% | 10% | 11% | 11% | 11% | -1% |



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Hagnaður, skattar og fjárflæði – Útgerð ehf.

**Útgerð ehf .**

| | 2012/2013 | 2013/2014 | 2014/2015 | 2015/2016 | 2016/2017 | Fullt gjald |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit** | | | | | | |
| **EBITDA án veiðigjalds** | 142 | 142 | 142 | 142 | 142 | 142 |
| *Veiðigjald ársins* | -41 | -48 | -53 | -58 | -63 | -63 |
| **EBITDA með veiðigjaldi** | 101 | 94 | 89 | 84 | 79 | 79 |
| *- afskriftir* | -22 | -22 | -23 | -23 | -24 | -24 |
| *- vextir* | -35 | -34 | -34 | -33 | -32 | -32 |
| **EBT** | **44** | **38** | **33** | **28** | **23** | **23** |
| *Tekjuskattur* | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 5 |
| **Hagnaður ársins** | 35 | 30 | 26 | 22 | 19 | 19 |
| *Hagnaður án skatta* | 85 | 86 | 86 | 86 | 86 | 86 |
| *Tekjuskattur og veiðigjöld* | 50 | 56 | 60 | 64 | 68 | 68 |
| **Hlutfall** | **58%** | **65%** | **69%** | **74%** | **78%** | **78%** |
| **Fjárflæði** | | | | | | |
| EBT | 44 | 38 | 33 | 28 | 23 | 23 |
| *+ afskriftir* | 22 | 22 | 23 | 23 | 24 | 24 |
| *- fjárfestingar* | -32 | -32 | -32 | -32 | -32 | -32 |
| *- tekjuskattur* | -9 | -8 | -7 | -6 | -5 | -5 |
| *- afborganir langt . lána* | -30 | -29 | -29 | -28 | -27 | -27 |
| *+ ný langtímalán* | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 |
| **Fjárflæði með veiðigjaldi** | **11** | **7** | **4** | **2** | **-1** | **-0** |
| *Hlutfall af EBITDA* | 11% | 7% | 5% | 2% | -2% | 0% |


2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Áhrif veiðigjalda á rekstur – tvö dæmi









2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Aðferðafræði útreikninga - sýnidæmi

**Áhrif veiðigjalds á getu félaganna til að greiða upp skuldir sínar. Miðað við stöðuna þegar gjaldið er að fullu komið til framkvæmda**

## Útgerð og vinnsla ehf.

157 m.kr (Fjárstreymi til fjármögnunar) / 13 (Ár að greiða upp vaxtab. skuldir) → 59 m.kr (Fjárstreymi til fjármögnunar) / 35 (Ár að greiða upp vaxtab. skuldir)

## Útgerð ehf.

61 m.kr (Fjárstreymi til fjármögnunar) / 9 (Ár að greiða upp vaxtab. skuldir) → 11 m.kr (Fjárstreymi til fjármögnunar) / 49 (Ár að greiða upp vaxtab. skuldir)



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Lög um veiðigjöld -  þorskígildisstuðlar

## Þorskígildisstuðlar

Þorskígildisstuðlar mæla hlutfallslega verð ólíkra fisktegunda. Veiðigjald er lagt á m.v. þíg. stuðla.






2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða vor 2012

Bann við framsali aflaheimilda eftir 20 ár

Skerðing á aflahlutdeild er flutt í flokk 2 og er hann á forræði ríkisins

## Frumvarp um stjórn fiskveiða

Í 12 gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða kemur fram að heimild til framsals aflahlutdeilda falli niður við upphaf fiskveiðiársins 2032.

Núverandi handhafar aflahlutdeildar hafa heimild til nýtingar næstu 20 ár að ákv. skilyrðum uppfylltum með möguleika um framlengingu.

## Aflahlutdeildum skipt í tvo flokka

Núverandi handhafar aflaheimilda eru í flokki 1 og nýr flokkur verður til, flokkur 2 og verður hann á forræði ríkisins.

## Skerðing aflahlutdeilda

Aflahlutdeildir fiskiskips skerðast í öllum tegundum, þar sem aflahlutdeild hefur verið úthlutað. Skerðingarhlutföllum verður ráðstafað í flokk 2. Skerðing aflahlutdeilda í upphafi skv. frumvarpi er um 9,5% af þorski, 6,9% af ýsu, 7,2% af ufsa, 9,8% af steinbít og 5,3% af öllum öðrum tegundum

Sé aflahlutdeild framseld á tímabilinu er hún skert um 3% og þeim hluta ráðstafað í flokk 2.

Ef heildarafli er aukinn umfram ákveðin viðmið, þá mun skipting heildarafla í flokkana vera með þeim hætti að 60% fer í flokk 1 og 40% í flokk 2.



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Reikningshaldsleg meðferð

Val um línulega afskrift á 20 árum eða framkvæmd virðisrýrnunarprófs

**Lög um ársreikninga**

- Eignfæra skal óefnisleg réttindi sé þeim aflað gegn greiðslu.
- Afskrifa skal óefnislegar eignir með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki lengri tíma en 20 árum. Ef óefnislegar eignir hafa ekki ákveðinn líftíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur.
- Ef markaðsverð óefnislegra eigna er lægra en bókfært verð, og ástæður ekki taldar skammvinnar, skal færa verð þeirra niður af því marki sem telja verður nauðsynlegt. Ef eignir hafa verið færðar niður og ástæður verðlækkunar eigi ekki lengur við skal færa bókfært verð til fyrra horfs og matsbreyting fara í gegnum rekstrarreikning.

Virðisrýrnun verður þegar bókfært verð er hærra en endurheimtanlegt virði

**Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar – IFRS**

- Meta skal á reikningsskiladegi hvort vísbending sé um virðisrýrnun eigna. Ef slíkar vísbendingar séu til staðar skal meta endurheimtanlegt virði.
- Virðisrýrnun verður þegar bókfært virði er hærra en endurheimtanlegt virði.
- Án tillits til þess hvort það séu vísbendingar um virðisrýrnun, þá ber félögum árlega að prófa óefnislegar eignir sem hafa ekki skilgreindan líftíma.
- Heimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun óefnislegra eigna til fyrra horfs ef virðisrýrnun á ekki lengur við.



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Áhrif á reikningsskil vegna breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu

Keyptar aflaheimildir sjávarútvegsfélaga verða gjaldfærðar á 20 árum

Virðisrýrnun hugsanleg vegna skerðingar á aflahlutdeild sem flutt er í flokk 2

## Líftími aflahlutdeilda og afskriftir

Í 12 gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða kemur fram að heimild til framsals aflahlutdeilda falli niður við upphaf fiskveiðiársins 2032.

Við það breytist líftíminn úr því að vera ótakmarkaður yfir í takmarkaðan líftíma og í stað þess að framkvæma virðisrýrnunar-próf árlega ber félögum að afskrifa eignina með kerfisbundnum hætti á líftíma hennar.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands námu eignfærðar aflahlutdeildir hjá sjávarútveginum í heild um 200 milljörðum kr. í lok árs 2010.

Ætla má að afskrifa þurfi 10 milljarða á ári næstu 20 ár að því gefnu að ekki komi til virðisrýrnunar í upphafi.

## Skerðing aflahlutdeilda og virðisrýrnun

Frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013 var gert ráð fyrir að aflahlutdeildir fiskiskipa skerðist í öllum tegundum, þar sem aflahlutdeild hefur verið úthlutað. Skerðingarhlutföllum yrði ráðstafað í flokk 2.

Skerðingin getur verið vísbending um að virðisrýrnun eigi sér stað og skal því meta endurheimtanlegt virði eignarinnar. Virðisrýrnun hefur orðið ef endur-heimtanlegt virði eignar er lægra en bókfært virði hennar.



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Umboðslaus karlaklúbbur að ákveða framtíð fiskveiða?

Þrír þingmenn bóka mótmæli gegn tillögum trúnaðarmannahóps

Ritstjórn DV ritstjorn@dv.is

11:50 › 13. SEPTEMBER 2012



Deildu

Recor

Send

Deila

Deila

Skrif

Fréttir -



Í samfél
eigin ve

2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Trúnaðarmannahópur stjórnmálaflokkanna

## Hópinn skipuðu:

Björn Valur Gíslason, Einar K. Guðfinnsson, Kristján L. Möller og Sigurður Ingi Jóhannsson

## Það sem hópurinn sammæltist um:

- 40/60 reglan og 3% klípan við flutning aflahlutdeilda verði felld niður. BVG og KLM vilja þó að tryggt verði að upphafsstaða flokks 2 verði nægilega stór þannig að markmið frumvarps nái fram að ganga.
- Stillimynd í 3. mgr. 12. gr., um upphafsstöðu hlutdeildar m.v. fiskveiðiárið 2011/2012 falli brott.
- Bann við framsali aflahlutdeilda eftir árið 2032 verði fellt út.
- Hámarkshlutdeild á ekki að gilda um deili- og eða nytjastofna sem veiðast einvörðungu utan eða jöfnum höndum innan og utan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
- Rækju- og skelbætur verði ekki skertar.
- Áfram verði heimilt að flytja almenna aflahlutdeild og aflamark úr aflamarkskerfinu í krókaaflamarkskerfið en ekki öfugt.
- Lagt til að veiðiskylda verði 75%. EKG vill að a.m.k. 3 ára aðlögunartíma.

## Annað:

- Skýrslugjöf ráðherra, sbr. 18. gr. varðandi flokk 2 verði tíðari.
- Kvótaþing – ekki náðist samkomulag um einstaka þætti þess innan hópsins.
- Strandveiðar – óskað verði eftir faglegri og fræðilegri úttekt á fyrirkomulagi og framgangi strandveiða.



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

# Helstu niðurstöður

- Skattlagning í sjávarútvegi er bersýnilega ósanngjörn
- Þorskígildisstuðlar gefa ekki rétta mynd af framlegð einstakra tegunda
- Afar óeðlilegt að leggja veiðigjöld bæði á veiðar og vinnslu
- Áhrif á ársreikninga sjávarútvegsfyrirtækja veruleg til hins verra
- Verulega áhrif á verðmæti fyrirtækja í sjávarútvegi.
- Sjálfstæðir útgerðarmenn og minni fyrirtæki í veiðum og vinnslu á botnfiski munu eiga mjög erfitt uppdráttar.
- Fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu munu hafa enn frekari neikvæð áhrif, m.a. í frekari virðisrýrnun og gjaldfærslu aflaheimilda.
- Frekari samþjöppun



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Deloitte.



2012 Deloitte Touche Tohmatsu Limited